

Einstakur fjársjóður Meðal gripanna er þessi útskorna kanna.

Gersemar frá 9. öld

Gripir úr skipsflaki segja sögu viðskipta

Síðasta áratuginn hafa fornleifafræðingar og sagnfræðingar í Singapúr rannsakað hluti sem fundust í báti arabískra kaupmanna frá níundu öld, en flakið fannst árið 1998 nærri indónesísku eyjunni Belitung.

Að sögn blaðmanns The New York Times bar báturinn mikil verðmæti, 60.000 keramíkgripi auk smíðisgripa úr gulli og silfri. Fundurinn hefur leitt í ljós að á höfunum var mikilvæg siglingaleið milli Tang-veldisins í Kína og keisararíkisins í Írak, auk þess sem greinilegt er að þegar á þessum tíma voru í Kína fjöldaframleiddir gripir við hæfi vestrænna kaupenda.

Sýning á mörgum glæstustu hlutunum sem fundust í flakinu hefur verið opnuð í hinu nýja Lista- og vísindasafni í Singapúr og vakið mikla athygli. Á næstu árum mun sýningin verða sett upp í söfnum víða um lönd.

„Þessi sýning gefur innsýn í stórmerkilega tíma í sögu hnattvæðingarinnar," segir einn af sýningarstjórum Smithsonian-safnsins í Washington. „Hún gæðir lífi sögurnar um Sindbað sem sigldi til Kína að leita auðæfa. Hún sýnir okkur að á níundu öld var heimurinn ekki jafn upp-skiptur og margir hafa talið."

Ýmsar vísanir í listasöguna

Helgi Már opnar sýningu í D-sal Hafnarhússins á morgun

„Á þessari sýningu tengist ég hingað og þangað í listasöguna, það er meira um vísanir í verkum mínum en áður," segir Helgi Már Kristinsson sem opnar sýningu á morgun, fimmtudag klukkan 17, í D-sal Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúss.

Yfirskrift sýningarinnar er *Keðjuverkun* en á henni eru bæði málverk og skúlptúrar sem Helgi Már hefur unnið að síðustu mánuði.

„Auk þess að sýna málverk sýni ég nú skúlptúra í fyrsta skipti. Ég hef endurgert hjólaverk Duchamps en hjólið er nokkuð áberandi á þessari sýningu, BMX-götuhjól. Annað hjól svífur síðan í blöðrum. Það tengist formrænt þáttum sem sjá má í málverkunum. Þetta verk vísar líka í stuttmyndina *Rauða blaðran* frá árinu 1956 – en þegar ég fór að setja verkið upp minnti það mig líka á *ET*," segir hann og brosir.

Annar skúlptúr á sýningunni segir Helgi að byggist á RGB-ljósi og svífandi boltum.

Á síðustu árum hefur á sýningum Helga mátt sjá abstrakt myndmál, með kalligrafískum og lífrænum einkennum, undir áhrifum frá grafitíi og götulist. Helgi Már segist hafa þróað það áfram.

„Það eru að koma inn í verkin geómetrískar og optískar afvegleiður. Bæði í lit og formi," segir hann. Fyrir nokkrum misseum vann Helgi Már að sýningu með verkum Eyborgar Guðmundsdóttur á Kjarvalsstaður og hann segist hafa orðið fyrir allnokkrum áhrifum af þeirri vinnu; í kjölfarið hafi „op"-áhrif farið að lauma sér inn í málverkin.

„Sum verkin eru orðin lýrísk geómetría. Það hljómar kannski furðulega en þetta hristist allt saman, litir og form sem hafa komið út úr stúdíu á þessari götumenningu, hjólum og grafitíi. Þegar þetta kemur allt saman fer þetta allt að tengjast."

Helgi býr og starfar í Reykjavík, en hann útskrifaðist frá LHÍ árið 2002 og hefur sýnt á einka- og samsýningum síðan þá auk þess að starfa sem sýningarstjóri og verkefnastjóri viðamikilla sýninga, m.a. hjá Listasafni Reykjavíkur. Sýningarstjóri *Keðjuverkunar* er Yean Fee Quay. *efi@mbl.is*



Morgunblaðið/Ómar

Á sýningunni „Þetta hristist allt saman við götumenningu," segir Helgi Már.

Dagskrá um Jón Kalman



Jón Kalman Stefánsson

Í kvöld, miðvikudag klukkan 20, verður dagskrá tileinkuð Jóni Kalmani Stefánssyni rithöfundi í Bókasafni Mosfellsbæjar, í tilefni þess að Jón Kalman er nú bæjarlistamaður. Ingi Björn Guðnason bókmenntafræðingur fjallar um Jón Kalman og verk hans, Jón Kalman segir frá því sem ekki má segja frá, Magga Stína syngur við undirleik Harðar Bragasonar og Kristins Árnasonar og þá lesa Mosfellingar stutta kafla úr bókum höfundarins. Einar Falur Ingólfsson mun stýra dagskránni.

SVANASÖNGUR
SCHWANENGESANG · FRANZ SCHUBERT
í Hofi, Akureyri, föstudaginn 11. mars kl. 20
Ágúst Ólafsson, baritón
Gerrit Schuil, píanó
Lára Stefánsdóttir, dansari
Danshöfundur: Kennet Oberly
Búningahöfundur: Filippía I. Elísdóttir
Ljósahönnuður: Magnús Arnar Sigurðarson
ÍSLENSKA ÓPERAN
Í SAMSTARFI VIÐ PARS PRO TOTO
★★★★ R.Ö.P., Mbl.
„Skemmtileg, frumleg og athyglisverð sýning" – J.S., Fbl.
„Virkilega ánægjuleg kvöldstund" – H.J., Viðsjá
MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS OG Í SÍMA 511 4200

Borgarleikhúsið
568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is
Strýhærði Pétur - forsalan hafin

NEI, RÁÐHERRA! (Stóra sviðið)
Mið 9/3 kl. 20:00 6.k U | Fös 1/4 kl. 19:00 U | Fim 5/5 kl. 20:00 Ö
Fös 11/3 kl. 19:00 7.k U | Fös 1/4 kl. 22:00 aukasýn U | Lau 7/5 kl. 19:00
Fös 11/3 kl. 22:00 aukasýn U | Lau 2/4 kl. 19:00 U | Sun 8/5 kl. 20:00
Mið 16/3 kl. 20:00 8.k U | Sun 3/4 kl. 20:00 U | Fös 13/5 kl. 19:00
Fim 17/3 kl. 20:00 9.k U | Fim 7/4 kl. 20:00 U | Sun 15/5 kl. 20:00
Fös 18/3 kl. 19:00 10.k U | Lau 9/4 kl. 19:00 U | Fim 19/5 kl. 20:00
Fös 18/3 kl. 22:00 ný aukas U | Lau 9/4 kl. 22:00 ný auka Ö | Fös 20/5 kl. 19:00
Fim 24/3 kl. 20:00 11.k U | Sun 10/4 kl. 20:00 U | Lau 28/5 kl. 19:00
Fös 25/3 kl. 19:00 aukasýn U | Sun 17/4 kl. 20:00 Ö | Sun 29/5 kl. 20:00
Fös 25/3 kl. 22:00 aukasýn U | Fös 29/4 kl. 19:00 Ö
Lau 26/3 kl. 19:00 12.k U | Lau 30/4 kl. 19:00 Ö
Tveggja tíma hláturskast...með hléi

Ofviðrið (Stóra sviðið)
Fim 10/3 kl. 20:00 Ö | Sun 13/3 kl. 20:00 Ö
Ástir, átök og leiftrandi húmor. Síðustu sýningar.

Fjölskyldan (Stóra svið)
Lau 12/3 kl. 19:00 aukasýn U | Sun 27/3 kl. 19:00 aukasýn Ö
Sun 20/3 kl. 19:00 aukasýn Ö | Fim 31/3 kl. 19:00 lokasýn Ö
Aukasýningar vegna mikillar eftirspurnar. Allra síðustu sýningar!

Strýhærði Pétur (Litla sviðið)
Fim 24/3 kl. 20:00 forsýn | Sun 3/4 kl. 20:00 4.k U | Sun 17/4 kl. 20:00 7.k U
Fös 25/3 kl. 20:00 frumsýn U | Mið 6/4 kl. 20:00 aukasýn U | Fim 28/4 kl. 20:00 8.k U
Lau 26/3 kl. 20:00 2.k U | Fim 7/4 kl. 20:00 aukasýn | Fös 29/4 kl. 20:00 9.k U
Mið 30/3 kl. 20:00 aukasýn U | Fös 8/4 kl. 20:00 5.k U | Lau 30/4 kl. 20:00 10.k U
Fös 1/4 kl. 20:00 3.k U | Lau 9/4 kl. 20:00 6.k U
Lau 2/4 kl. 20:00 aukasýn | Sun 10/4 kl. 20:00 aukasýn
Standandi leikhúsdjamm. Sýningin er ekki við hæfi ungra barna

Afinn (Litla sviðið)
Lau 19/3 kl. 19:00 U | Fös 8/4 kl. 19:00
Óumflýjanlegt framhald Pabbans. Sýnt á Stóra sviðinu í mars og apríl

Nýdönsk í nánd (Litla svið)
Fim 14/4 kl. 20:00 Ö | Fös 15/4 kl. 19:00 Ö | Fös 15/4 kl. 22:00
Sáldrandi brjáli sem aldrei fyrr. Sýnt á Stóra sviðinu í apríl

Sinnum þrír (Nýja Sviðið)
Mið 9/3 kl. 20:00 4.k U | Fös 11/3 kl. 20:00 5.k U | Lau 12/3 kl. 20:00 Ö
Íslenski Dansflokkurinn - Þrjú ólík verk sýnd saman á einu kvöldi

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | leikhusid.is
Hedda Gabler

Viltu vita meira um Nei, ráðherra! í Borgarleikhúsinu?
Skannaðu!
Síminn

Viltu vinna miða á Allir synir mínir í Þjóðleikhúsinu?
Viltu vinna miða?
Síminn